

Sala á háhraðanettengingum hafin

Fjallabyggð – Dalvíkurbyggð – Hörgárbyggð - Eyjafjarðarsveit Þingeyjarsveit - Skútustaðahreppur - Norðurþing - Langanesbyggð

Fjarskiptasjóður samdi fyrr á þessu ári við Símann hf. um uppbyggingu á háhraðanettengingum á tilteknum stöðum um allt land. Uppbyggingu kerfa er nú lokið á 2. markaðssvæði verkefnisins og við tekur þar sala, uppsetning og þjónusta.

Staðir sem geta tengst

Heimilisföng/staðir sem þetta bréf er stílað á eru á lista yfir staði sem falla í dag undir verkefni sjóðsins. Staðalistann, áfangaskipta tímaáætlun, aðrar forsendur og svör við algengum spurningum, er að finna á vef sjóðsins www.fjarskiptasjodur.is.

Tímaáætlun getur breyst á verktímanum og verður stöðugt unnið að endurbótum á staðalistanum.

Tekið er við fyrirspurnum og ábendingum í netfangið fjarskiptasjodur@fjarskiptasjodur.is.

Einnig má senda skrifleg erindi á samgönguráðuneytið merkt „Fjarskiptasjóður“.

Sveitarfélög á 2. markaðssvæði

Fjallabyggð, Dalvíkurbyggð, Hörgárbyggð, Eyjafjarðarsveit, Þingeyjarsveit, Skútustaðahreppur, Norðurþing og Langanesbyggð eingöngu.

Upphaf sölu á 2. markaðssvæði

22. september 2009. Upphaf sölu á öðrum markaðssvæðum verður tilkynnt síðar.

Hraði í boði

Síminn notar mismunandi tækni til þess að tengja hvern stað. Hraði tengingar er aðallega háður tækni og fjarlægð heimilis frá sendistöð. Tengingar í boði yfir 3G kerfi Símans verða 1 - 2Mb/s þar til eftir að uppbyggingu heildarverkefnisins lýkur. Eftir það verður boðið upp á pakka með meiri hraða. Hraði á ADSL tengingum fylgir þeim þökkum sem almennt eru í boði hjá Símanum á samningstímanum, með ofangreindum fyrirvara. Gervihnatta- og WiFi tengingar verða notaðar í undantekningartilvikum.

Uppsetning, búnaður og þjónusta

Innifalið í uppsetningu er allur tengibúnaður hjá áskrifanda, þ.m.t. loftnet ef við á, lögn að húskassa eða tengibúnaði inni og viðtökubúnaður tilbúinn til notkunar. Símann leggur þó ekki til búnað og uppsetningu fyrir söluaðila ADSL í heildsölu.

Nokkrar vikur geta liðið frá því að pöntun er lögð inn og þar til uppsetning er framkvæmd.

Önnur vinna og efni er ekki innifalið í þessu verkefni og þurfa notendur að greiða sérstaklega fyrir slíkt. Tengingin getur orðið fyrir einhverjum truflunum í fyrstu. Slíkt er eðlilegt þegar um ný gagnaflytningskerfi er að ræða. Gert er ráð fyrir sama upptíma og á öðrum aðgangsneta Símans.

Þjónustan er sí tengt og ótímamælt internetsamband. Innlent niðurhal er gjaldfrjálst og er innifalið erlent niðurhal háð áskriftarleið. Önnur þjónusta er háð söluaðilum.

Pöntun á þjónustu

Fjarskiptasjóður hefur ekki milligöngu um sölu né samskipti notenda við sölu- eða þjónustuaðila.

Símanum, sem verktaka fjarskiptasjóðs, ber að bjóða íbúum þjónustu. Símanúmer söluvers Símans er 800-7000. Vænst er þess að aðrir söluaðilar netþjónustu bjóði íbúum þjónustu enda stendur það öllum söluaðilum til boða.

Tengi- og áskriftargjald þjónustu

Þeir sem panta tengingu innan fjögurra vikna frá upphafi sölu greiða ekki tengigjald.

Símanum er heimilt að innheimta allt að 25.000 kr. m/vsk. í tengigjald að þeim tíma liðnum.

Söluaðilum er ennfremur heimilt að skuldbinda notendur í þjónustu í allt að 6 mánuði.

Áskriftargjald Símans fylgir ADSL verðskrá fyrirtækisins hverju sinni fyrir sambærilega þjónustu óháð því hvaða tækni er notuð. Almennir notkunar- og viðskiptaskilmálar söluaðila mega gilda í þessu verkefni.

21. september 2009

Fjarskiptasjóður



SAMGÖNGURÁÐUNEYTIÐ


FJARSKIPTASJÓÐUR